

## Fundargerð 12. stjórnarfundar

### Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: stofa 257 Langholt, VRÍI, HÍ.

Tími: 27. ágúst 2013 kl. 15:00

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS).

Fjarverandi: Dagur Jónsson (DJ) og Jónas Elíasson (JE)

#### Dagskrá:

1. Fundargerð 11. stjórnarfundar
  2. Verk stjórnar haustið 2013
    - a. Fundartímar stjórnar
    - b. Námskeiðshald / málstofa
    - c. Skoðunarferð
    - d. Innheimta
    - e. Vefsíða
  3. Önnur mál
- 

#### 1. Fundargerð aðalfundar 2013

Fundargerð 11. Stjórnarfundar VAFRÍ 14. maí 2013 var samþykkt.

#### 2. Verk stjórnar.

- Við munum skipuleggja hálf dags heimsókn til Vatnsveitu og fráveitu Akraness annað hvort 26/9 eða 3/10. Íris ætlar að kanna aðkomu varma og vélaverks (t.d. styrk á rútu og veitingum), Sigurbjörn ætlar að ræða við heimamenn varðandi heimsókn í vatnsveituna.
- Innheimta félagsgjalda mun fara fram í haust
- Ef Jónas vill halda námskeið í flóðahandbókinni þá er það undir honum komið
- Ef Dagur vill taka snúning á vefsíðuna þá er það undir honum valfrjálst

Stefnt er á einn auka fund í haust í miðjum september til þess að ræða efstu 2 málín (ofl. sé þess óskað). Ekki er stefnt að svo stöddu að fleiri fundum í haust, þar sem bæði Hrund og Íris eru að fara í barneignarfrí.

Á vorönn er komin hugmynd um málþing sem snýr að ýmsum þáttum fráveitumála á Íslandi, sem myndu koma inná nýleg verkefni á þeim sviðum svo og nýleg álitamál (Selfoss veitan mengun).

### **3. Önnur mál**

Engin önnur mál rædd á fundinum.

Fundi var lokið um kl.16:00

Næsti fundur verður haldinn seinni part september nk.

Fundarritari: Sigurbjörn Búi Sigurðsson, sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is